

**Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 14. október 2008,  
kl. 10.00, á skrifstofu ráðsins á Skagaströnd.**

**Mætt voru:** Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Guðrún Helgadóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

**1. Kosning formanns menningarráðs**

Nýtt menningarráð var skipað á Ársþingi SSNV á Siglufirði, 20. sept. sl. og er þetta fyrsti fundur nýskipaðs ráðs.

Fráfarandi formaður ráðsins, Guðrún Helgadóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Að því loknu var gengið til kosninga um formann ráðsins og var Guðrún endurkjörin formaður.

**2. Vinnuferli við umsóknir, úthlutun og greiðslur verkefnastyrkja**

Farið var yfir verkferla varðandi þessa vinnu.

**3. Yfirferð styrkumsókna**

Umsóknarfrestur um verkefnastyrki rann að þessu sinni út 15. sept. sl. Alls bárust 48 umsóknir um almenna styrki og 4 umsóknir um styrk til stærra samstarfsverkefnis.

Samtals var beðið um tæpar 47 milljónir í styrki.

Menningarráð fór ítarlega yfir umsóknirnar. Samþykkt var að veita 37 verkefnastyrki samtals að upphæð 18.850.000 kr.

**4. Úthlutunarhátíð**

Ákveðið að stefna að úthlutunarhátíð miðvikudaginn 28. okt., kl. 17.00, á Hvammstanga.

**5. Sagnaarfurinn**

Kynnt málþing um íslenska sagnaarfinn sem Menningarráðið og Vaxtarsamningurinn halda sameiginlega miðvikudaginn 15. okt., að Löngumýri í Skagafirði.

**6. Erlent samstarf**

Rætt um kynningarfund um erlent samstarf sem stefnt er að halda fljótlega.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.15.15.  
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.